

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

80. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 29. febrúar 2024

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru:

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Trausti Arngrímsson, Magnús S. Magnússon, Birgir Örn Ólafsson, og Birgitta Rún Birgisdóttir, og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Helga Jóhanna Oddsdóttir boðar forföll og kallar inn varamann (BRB)

Dagskrá:

Formaður setur fundinn.

- Staða fjármála.
 - Staða fjármál er góð, tekjur frá Almannavörum eru að koma inn vegna verkefna í Grindavík.
- Mönnun BS í sumar m.t.t. jarðhræringa við Grindavík.
- Starfsmannamál.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra
 - Menntun nýrra starfsmanna:** Nýir starfsmenn BS hafa verið að taka námskeið í slökkviliðsfræðum og eru að klára grunnmenntun í sjúkraflutningum. Sá hópur starfsmanna sem er að klára nám í sjúkraflutningum og hafa tekið námskeið í slökkviliðsfræðum sem gerir okkur kleift að manna sumarafleysingar vel og með vel menntuðum starfsmönnum
 - Æfingarsvæði við Hafnarveg:** Slökkviliðsstjóri átti fund með starfsmönnum Kadeco um æfingarsvæði BS við Hafnarveg, en hugmynd er að komið verði fyrir á lóðinni annari starfssemi og óvíst hvað það hefur í för með sé fyrir æfingarsvæði BS. Kadeco hefur lýst því að þeir vilji vinna þessar hugmyndir í góðu samstarfi við BS þannig að skoðað verði hvort hægt sé að koma fyrir á lóðinni fyrir æfingarsvæði BS og væntanlegri annari starfssemi. Ekki þarf að fjölyrða um hversu mikilvægt það er fyrir starfssemi BS að vera með gott

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

æfingasvæði, það er í raun lífsnauðsynlegt og ekki hægt að halda úti lögboðnum æfingum án þess.

- Farið var yfir tölfræði útkalla BS á síðastliðnum 12 mánuðum.

5. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:17